



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 24. janúar 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

24. janúar 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sveirrisdóttir, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Heiðbjört Antonsdóttir, Baldur H. Friðriksson, Höskuldur Haraldsson, Teitur Helgason

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Hafnarbyggð 20, ný lóð** – Umsókn Ingólfs Braga Arasonar um lóð no. 20 við Hafnarbyggð undir 140 m² verslunar- og iðnaðarhúsnæði. Meðfylgjandi er auk erindis Ingólfs Braga, dags. 27.12.2016, skipulagsupphráttur Halldórs Jóhannssonar og Stefáns Guðnasonar af fyrirhuguðu húsi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að veita Ingólfi Braga lóðina undir verslunar- og iðnaðarhúsnæði í samræmi við fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu. Gengið verður frá deiliskipulagi svæðisins miðað við fyrirbyggjandi tillögu. Er þess vænst að Ingólfur skili inn fullnaðarupphráttum af húsinu til samþykktar í skipulags- og umhverfisnefnd þegar þeir liggja fyrir.

1. mál: **Strandblakvöllur** – Á fundi sveitarstjórnar þann 05. janúar sl. lá fyrir bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi strandblakvöll á Vopnafirði. Var samþykkt að æskja álit skipulags- og umhverfisnefndar um framhald málsins, sbr. tölvubréf sveitarstjóra dags. 06. janúar sl. Meðfylgjandi er úrskurður úrskurðarnefndar, móttékinn 06.01.17.

Málefni strandblakvallar lágu fyrir fundi skipulags- og umhverfisnefndar 26. ágúst 2015 og ári síðar, 26. ágúst 2016, og samþykkti nefndin framkvæmdina hvoru sinni. Í úrskurði úrskurðarnefndar er hvergi gerð athugasemd við staðsetningu vallarins heldur gerir nefndin athugasemdir við framkvæmdaferlið. Að því gefnu að framkvæmdaraðili vinni verk sitt svo sem reglugerðir kveða á um og framkvæmdin sé í samræmi við úrskurð gerir skipulags- og umhverfisnefnd ekki athugasemd við að sótt verði um að nýju. Samhljóða samþykkt.

1. mál: **Þorbrandsstaðir, heimagisting** – Á fundi sveitarstjórnar þann 19. janúar sl. var samþykkt nýtt rekstrarleyfi heimagistingar á Þorbrandstöðum. Lagt fram til kynningar.

Vill nefndin vekja athygli á 5. tl. í bréfi sýslumanns og varðar lokaúttekt á húsnæðinu, hvort hún hafi farið fram.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 13:10.